

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 70/95**frá 17. janúar 1995****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, einkum 1. gr.,

að útgefnum drögum að reglugerð þessari ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og einokun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt reglugerð nr. 19/65/EBE, vald til að beita með reglugerð 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, að því er varðar tiltekna flokka tvíhliða nytjaleyfissamninga og samstilltar aðgerðir sem falla undir 1. mgr. 85. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals og með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 151/93 ⁽⁴⁾, gildir aðeins til 31. desember 1994.

Framkvæmdastjórnin birti, 30. júní 1994, drög að reglugerð um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um miðlun tækni þar sem farið er fram á við alla aðila sem málið varðar að þeir skili inn athugasemdum sínum eigi síðar en 28. ágúst 1994 ⁽⁵⁾.

Í kjölfar þessarar útgáfu hefur framkvæmdastjórninni borist mikill fjöldi mikilvægra athugasemda og því hefur reynst nauðsynlegt að skoða frekar þau vandamál sem fram hafa komið. Ekki reynist mögulegt að ljúka þessari skoðun fyrir 31. desember 1994 þegar fyrirhugað er að samþykka og birta nýja reglugerð.

Nauðsynlegt er því að lengja gildistíma reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 um sex mánuði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 komi „30. júní 1995“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1994“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Hún gildir frá 1. janúar 1995 að telja.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 12, 18. 1. 1995, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/95 frá 28. apríl 1995 um breytingu á XVI. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. 36, 6. 3. 1965, bls. 533/65.

(2) Stjtið. EB nr. C 313, 10. 11. 1994, bls. 6.

(3) Stjtið. EB nr. L 219, 16. 8. 1984, bls. 15.

(4) Stjtið. EB nr. L 21, 29. 1. 1993, bls. 8.

(5) Stjtið. EB nr. C 178, 30. 6. 1994, bls. 3.